

Úttekt á upplýsingagjöf og innra eftirliti með sjálfbærniupplýsingum

KPMG á Íslandi




Við úttekt á upplýsingagjöf og innra eftirliti með sjálfbærniupplýsingum kanna sérfræðingar KPMG hvort upplýsingagjöf um sjálfbærnimál sé í samræmi við komandi löggjöf um sjálfbærni (CSRD) og taka út hvort innra eftirlit og gögn sem liggja til grundvallar sjálfbærniupplýsingum uppfylli kröfur sem gerðar eru til staðfestanlegra upplýsinga. Tilgangurinn er að undirbúa fyrirtæki fyrir áritun endurskoðanda á sjálfbærniskýrslur og draga úr þeirri hættu að fyrirtæki uppfylli ekki lög- bundnar kröfur sem gerðar verða til sjálfbærniskýrslna.

Grunnurinn lagður fyrir áreiðanlega upplýsingagjöf

Með úttektinni eru veikleikar í upplýsingagjöf og innra eftirliti með sjálfbærniupplýsingum greindir og kortlagðir. Vinna okkar felst ekki í að innleiða eða hanna ferli og eftirlitsaðgerðir heldur munum við aðstoða ykkur við að greina hvar úrbóta er þörf við að leggja fram staðfestanlegar og áreiðanlegar sjálfbærniskýrslur.

Samskipti og verkferlar

Við úttektina nýta sérfræðingar KPMG þá víðtæku reynslu og þekkingu sem þeir búa yfir og mun það endurspeglast í þeirra vinnu. Samskipti og verkferlar eru með svipuðum hætti og í hefðbundinni endurskoðunarvinnu þar sem ferlar, eftirlit og skýrslugjöf eru vandlega yfirfarin. Vinna sérfræðinga okkar miðast ávallt að því að vera eins skilvirk og mögulegt er og í góðu samstarfi við viðskiptavininn.



Niðurstöður og ábendingar

Við lok úttektar taka sérfræðingar okkar saman skýrslu með ábendingum og helstu niðurstöðum úr okkar vinnu. Niðurstöður skýrslunnar má nýta til að innleiða nauðsynlegar úrbætur á ferlum og skýrslugjöf um sjálfbærnimál áður en kemur að eiginlegri vinnu endurskoðenda við staðfestingu sjálfbærniskýrslunnar. Þessi undirbúningur mun skila sér í skilvirkri og áreiðanlegri upplýsingagjöf enda vitum við að það er og verður áskorun fyrir mörg fyrirtæki að útbúa fullbúnar og staðfestanlegar sjálfbærniskýrslur.

Aukið eftirlit og gæði upplýsinga

Hagaðilar og eftirlitsaðilar leggja stöðugt meiri áherslu á sjálfbærniupplýsingar og mikilvægt að öll fyrirtæki undirbúi sig fyrir auknar kröfur. Þróunin er í þá átt að gerðar verða sömu kröfur til gerð sjálfbærnisráðgjafna og til ársreikninga hvað varðar vandaða, ítarlega og áreiðanlega upplýsingagjöf. Einnig er gert ráð fyrir því að sjálfbærnisráðgjafna verði árituð á sama tíma og ársreikningur sem verður áskorun fyrir mörg fyrirtæki. Fyrirtæki þurfa að huga að sinni sjálfbærniáhrifum eins fljótt og auðið er til þess að vera tilbúin þegar krafist er af þeim að safna gögnum, meta og mæla árangur og birta skýringar og lykilmælikvarða. Er það ekki síður mikilvægt þar sem staðfestingu þriðja aðila þarf til að tryggja trúverðugleika upplýsinganna.



Úttekt á upplýsingagjöf og innra eftirliti með sjálfbærniupplýsingum er grunnur að því að leggja fram full endurskoðaðar sjálfbærnisráðgjafna

Sérfræðingar KPMG á sviði sjálfbærni og endurskoðunar geta veitt góða innsýn inn í hvort núverandi ferli og verklag við gerð sjálfbærnisráðgjafna uppfylli kröfur sjálfbærnistaðla. Verkefnið getur fljótt orðið krefjandi og yfirgripsmikið - en með því að nálgast það á skipulegan hátt og með markvissri nálgun verður verkið mun einfaldara.

Hafðu samband



Hafþór Ægir Sigurjónsson
Forstöðumaður sjálfbærni og eigandi KPMG

hsigurjonsson@kpmg.is



Árni Claessen
Löggítur endurskoðandi og eigandi KPMG

aclaessen@kpmg.is

Þú finnur okkur á samfélagsmiðlum!



INTERNAL USE ONLY

© 2024 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.

KPMG is a global organization of independent professional services firms providing Audit, Tax and Advisory services. KPMG is the brand under which the member firms of KPMG International Limited ("KPMG International") operate and provide professional services. "KPMG" is used to refer to individual member firms within the KPMG organization or to one or more member firms collectively.

For more detail about our structure, please visit home.kpmg/governance.